



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Fjarðabyggð, 28.03.2019
Tilvísun 1903097/10.0

Efni: Umsögn vegna 647.mál frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Vísað er til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 22. mars 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.)

Í 3. gr. frumvarpsins er Hafrannsóknarstofnun (Hafró) falin skipting fjarða eða hafsvæða í eldissvæði. Þetta ákvæði gengur í berhögg við lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88 frá 2018, en þar er svæðisráðum falið að gera svæðaskipulag og Skipulagsstofnun falin framkvæmd laganna.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð telur að sé þetta vald falið Hafró skapist mikil hættu á vanhæfi enda sér stofnunin um gerð burðarþols og áhættumats sem er grundvöllur leyfisveitinga til sjókvíaeldis. Hafró er eins og nafn þess og lögformleg skipan er rannsóknarstofnun og telur sveitarfélagið því að hún eigi ekki að fara með slíkt stjórnvald, hvað þá í eina og sama málinu. Fjarðabyggð telur óheppilegt að slíkt stjórnvald sé allt á einni hendi.

Einnig telur sveitarfélagið að hugtakið hafsvæði hefur ekki skilgreiningu í lögum um fiskeldi og því erfitt að átta sig á hvað er átt við með skiptingu hafsvæða í frumvarpi.

Í 14. gr. frumvarpsins er rekstrarleyfishafa gert skylt að tilkynna hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð skal þá tilkynna án tafar slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnun og næstu veiðifélög. Sveitarfélagið telur að einnig eigi að tilkynna slíkt til aðliggjandi sveitarfélaga, þar sem töluvert hlutfall af þeim fiski sem sleppur mun leita á strandsvæði þess sveitarfélags þar sem eldi er.



Lokaorð

Ljóst er að mikil uppbygging mun verða nái leyfisveitingar til sjókvíaleidis fram að ganga, því hafa þau sveitarfélög sem eru innan þeirra svæða sem eldið fer fram sett sér stefnu m.a í gegnum samtök sjávarútvegssveitarfélaga þar sem lögð sé áhersla á mikilvægi þess að fiskeldi hér á landi sé sjálfbært í alþjóðlegri skilgreiningu þess orðs, en sú skilgreining vísar ekki aðeins til umhverfis og náttúru heldur einnig samfélags.

Einnig er einnig bent á mikilvægi þess, að hugað sé vel að högum nærsamfélagsins á hverjum stað og aðkomu staðbundinna stjórnvalda. Er í því sambandi m.a. lagt til að Hafrannsóknastofnun verði gert skylt að leita álits hjá staðbundnum stjórnvöldum og að við úthlutun eldissvæða verði tekið mið af stöðu einstakra byggða í atvinnulegu tilliti.

Því telur Fjarðabyggð afar mikilvægt að farið sé að þeim lögum er snúa nýtingu haf- og strandsvæða þar sem sjókvíaleidi er.

Fjarðabyggð hvetur atvinnuveganefnd til að endurskoða ákvæði um skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði og óska þess eindregið þau fylgi ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr.88 frá 2018.

Með auknu sjókvíaleidi á Austfjörðum og þá einnig á svæði Fjarðabyggðar mun þörfin fyrir aukið eftirlit verða meiri með m.a. ástandi sjávar þá lífrænu álagi þeirra svæða sem eru burðarþolsmetin. Því er það krafa Fjarðabyggðar þau eftirlitsstörf sem sinna vöktun fjarða sem fiskeldi er stundað eins og Matvælastofnun vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra, Umhverfisstofnun með umhverfiseftirlit séu staðsett í Fjarðabyggð. Umtalsverð fækkun hefur orðið á opinberum störfum á svæði Fjarðabyggðar sem kom fram í könnun Byggðastofnunar frá 11.febrúar 2019.

Því er það krafa sveitarfélagsins að þær stöður verði í sveitarfélaginu þar sem mestur hluti sjókvíaleidis á Austfjörðum verður.

